

## 3. gr.

10. gr. hljóði svo:

Nú hefur langlegusjúklingur eigin tekjur sem að frádregnum staðgreiðsluskatti eru hærri en 20 520 krónur á mánuði skal hann þá með þeim tekjum sem umfram eru taka þátt í dvalarkostnaði. Þó skal hann í hverjum mánuði aldrei greiða hærri fjárhæð en sem nemur dvalarkostnaði í þjónustuhúsnæði aldraðra eins og hann er ákveðinn af heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, sbr. 3. gr.

Nú á langlegusjúklingur maka og skulu þá eigin tekjur langlegusjúklingsins skiptast að jöfnu milli hans og maka eftir að staðgreiðsluskattar hafa verið frá þeim dregnir. Séu tekjurnar eftir skiptinguna hærri en 20 520 krónur skal hann með þeim tekjum sem umfram eru standa straum af dvalarkostnaði sínum, sbr. 1. mgr.

## 4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stöð í 30. sbr. 27. gr. laga um málefni aldraðra nr. 82/1989 með síðari breytingu, öðlast gildi 1. júlí 1992.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 9. júní 1992.*

**Sighvatur Björgvinsson.**

*Páll Sigurðsson.*

## REGLUGERÐ

### um hækkun bóta almannatrygginga

## 1. gr.

Á upphæðir tekjutryggingar, heimilisuppbótar og sérstakrar heimilisuppbótar skal greiða tekjutryggingarauka sem hér segir á árunum 1992 og 1993:

- a) Í júlí 1992 skal greiða á þessar fjárhæðir eins og þær verða í júní 1992 sérstaka 28% uppbót vegna láglauabóta.
- b) Í ágúst 1992 skal greiða á þessar fjárhæðir eins og þær verða í júní 1992 sérstaka 20% uppbót vegna orlofsuppbótar.
- c) Í desember 1992 skal greiða á þessar fjárhæðir eins og þær verða í nóvember 1992 sérstaka 30% uppbót vegna desemberuppbótar.
- d) Í janúar 1993 skal greiða á þessar fjárhæðir eins og þær verða í nóvember 1992 28% uppbót vegna láglauabóta.

## 2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 79. gr. laga nr. 67/1971 um almannatryggingar með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 9. júní 1992.*

**Sighvatur Björgvinsson.**

*Páll Sigurðsson.*